

FUNDARGERÐ

394. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 22. ágúst 2017 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðmundur Gunnarsson, Guðrún Árnadóttir, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Hrafn Magnússon og Reynir Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

1. Umsóknir um íbúðir í Árskógum – úthlutunarreglur

Fyrir fundinum lá tillaga byggingarnefndar FEB um mat á umsækjendum vegna íbúða við Árskóga 1-3. Fjöldi íbúða til ráðstöfunar fara úr 52 í 68 við breytingar á framkvæmdum. Tillagan samþykkt og bygginganefndinni falið að ljúka málinu. Áréttað að íbúðirnar eru ætlaðar fyrir félagsmenn sem færir eru um sjálfstæða búsetu á eigin heimili.

Mat á umsækjendum

Það sem lagt er til grundvallar á mati á umsækjanda sem uppfyllir skilyrði reglna þessara er a.

- Vera félagsmaður í FEB.
- Mat á fjárhagslegri getu með jákvæðri umsögn lánveitanda við geiðslumat.
- Hversu lengi hefur viðkomandi verið félagsmaður.
- Hvenær viðkomandi setti sig á lista yfir „áhugasama“.
- Lífaldur viðkomandi, gert til að skapa ákveðna breidd í aldurshópi verðandi íbúa.
- Skuldbinding um fasta búsetu sbr. lög um lögheimili nr. 21/1990 í viðkomandi íbúð.
- Kynnt sér og samþykkt þær kvaðir sem á lóðinni og þar með íbúðunum eru.

2. Frítt/afsláttur árgjald fyrir tekjulága – tillaga formanns

Tillaga formanns sem hann hafði reifað við stjórnarmenn að vegna góðrar fjárhagsstöðu félagsins yrði það gert auðveldara fyrir félagsmenn með ákveðnar lágmarkstekjur að taka þátt í starfi félagsins. Þannig mætti jafnvel forða efnaminni eldri borgurum frá félagslegri einangrun með lækkun og/eða jafnvel niðurfellingu félagsgjalds. Umræða um útfærslu, tekjumörk og fl. Samþykkt að framkvæmdastjóri meti hvað þetta gæti kostað félagið á næsta ári, ef miðað yrði við 280-300 þús kr. lágmarkslaun / lífeyri frá TR.

3. LEB innheimta

Formaður kom inn á fund hans og framkvæmdastjóra með formanni LEB. Niðurstaða stjórnar var eftirfarandi: Í framhaldi af samkomulagi formanna FEB og LEB, sem var ákveðin forsenda þess að ákveðið var, að FEB gengi ekki endanlega úr LEB, átti að koma til greiðslu til FEB vegna vinnu starfsmanna félagsins. Upphæð þeirrar greiðslu var kr. 3 milljónir. Greiðsla hefur dregist og málið er óafgreitt af hálfu LEB. Samþykkt tillaga GG, að ekki verði greitt neitt til LEB fyrr en málið er útkjáð og núverandi „skuld“ verði greidd.

4. Samstarf við Samtök aldraðra

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir fund sinn með formanni stjórnar Samtaka aldraðra þann 9. ágúst s.l.. Eftir þann fund og frekari upplýsingagjöf kom neðangreint frá formanni Samtakanna;

Stjórn Samtaka aldraðra bsvf hefur rætt hugmyndir um sameiningarmál og telur sameiningu ekki tímabæra nú hvað sem síðar kann að verða.

Samtökin lýsa því hins vegar yfir vilja til að vinna saman með FEB að velferð aldraðra og að nýta samtakamátt félaganna betur þegar kemur að húsnæðismálum og samskiptum þeirra við sveitarfél. og ríkið.

5/6. Áherslur FEB á komandi vetri og starfið í vetur Áherslur

FEB eru í frekari vinnslu frá starfsfundi stjórnar.

Framkvæmdastjóri sagði frá starfinu í sumar, sérlega mikil þátttaka í ferðir félagsins og nánast fullt í þær allar og mikil ánægja hefur verið hjá þeim sem í ferðirnar hafa farið. Enn eru nokkrar ferðir á dagskrá í haust, auk ferða erlendis.

Fjallað um starfið í vetur og þær áherslur sem fram verða settar. Ljóst er að starfið út á við tekur mið að komandi sveitastjórnarkosningum og þeim áherslum sem þar þurfa að koma fram. Starfsemi FEB er annars í nokkuð föstum skorðum og sumt þegar farið í gang. Þá koma nýir koma liðir inn m.a. fræðslufundir sem kynntir verða síðar.

Ýmsar hugmyndir og áhersluatriði rædd varðandi vetrarstarfið s.s. opna félagsfundi þar sem tekið væri á ákveðnum málefnum, námskeið, leikhúsfærðir og fl.

7. Lóðir til FEB

Vegna mikils áhuga og langs biðlista „áhugasamra“ um íbúðir á vegum FEB verður þessu máli haldið áfram á lofti við ráðamenn borgarinnar.

8. Undirbúningur viðræðna / nefndar ráðherra

Ekki hefur heyrst frekar frá ráðherra/um vegna skipan vinnuhóps sem vinni að ákveðnum málum aldraðra með ákveðinn lokatíma. Tekið hafði verið saman yfirlit yfir þau mál sem FEB „finnur fyrir hjá sínum félagsmönnum“ og leggja ætti áherslu á í komandi nefndarstarfi.

Nokkur umræða um þessi mál en aðaláherslan þarf að vera þrjú mál.

Til að móta þetta enn frekar mælir stjórnin með að haldinn verði fundur í snemma í haust undir yfirskriftinni „Hvaða erindi eiga eldri borgarar við ráðamenn?“ þar sem áherslur í viðræðum við ráðamenn verði ræddar / mótaðar. Rætt um að óháða aðila til að meta og fá yfirlit yfir framlög ríkisins til ellilífeyriskerfisins. Samþykkt að leita eftir verðhugmynd hjá Reykjavík Economics.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.35.

Samþykkt;